**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 141/2023** **2023/EES/81/66**

**frá 28. apríl 2023**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/425 frá 14. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun umbreytingardagsetninga vegna notkunar tiltekinna ómannaðra loftfarskerfa í „opna“ flokknum og frestun þeirrar dagsetningar sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn fjarflugmanns koma til framkvæmda ([1]).

2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zbc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0425**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/425 frá 14. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 87, 15.3. 2022, bls. 20).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/425, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ([*]), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 ([2]), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 15.3.2022, bls. 20.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

([2]) Stjtíð. ESB L, 2023/2264, 9.11.2023, og EES-viðbætir nr. 81, 9.11.2023, bls. 75.